



Lúxemborg, 16. maí 2017

FRÉTTATILKYNNING 05/2017

Dómur í máli E-8/16 *Netfonds Holding ASA, Netfonds Bank AS og Netfonds Livsforsikring AS* gegn norska ríkinu

INNLENDAR REGLUR OG FRAMKVÆMD UM EIGNARHALD NORSKRA FÉLAGA VERÐA AÐ SAMRÆMAST STOFNSETNINGARRÉTTINUM

Með dómi sem var kveðinn upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá héraðsdómi Oslóar (*Oslo tingrett*) í máli varðandi túlkun á 31., 36. og 40. gr. EES-samningsins í tengslum við stjórnsluframkvæmd og reglur um eignarhald á norskum félögum á þeim tíma sem þau sækja um starfsleyfi sem bankar eða váttryggingafélög.

Netfonds Holding ASA, Netfonds Bank AS og Netfonds Livsforsikring AS („stefnendur“) hafa krafist norska ríkið („stefnda“) um skaðabætur á þeim grundvelli að stefndi hafi einungis veitt þeim takmörkuð leyfi til reksturs banka- og tryggingastarfsemi þrátt fyrir að stefnendur hefðu farið fram á að þeim yrðu veitt ótakmörkuð starfsleyfi. Stefnendur vefengja fyrst og fremst áskilnað stefnda um að ótakmarkað starfsleyfi til reksturs banka- eða tryggingastarfsemi sé aðeins veitt ef a.m.k. 75% af hlutafé umsækjanda sé í dreifðri eignaraðild með hlutfjárukningu eða með sölu, án forgangs- eða forkaupsréttar hluthafa eða annarra, en ella kemur einungis til greina útgáfa takmarkaðs starfsleyfis fyrir banka- og váttryggingastarfsemi, þ.e. fyrir afmarkaða hliðarstarfsemi.

Með þremur spurningum spurði landsdómstóllinn í aðalatriðum hvort hlutaðeigandi löggjöf eða stjórnsluframkvæmd stefnda um eignarhald á norskum félögum á þeim tíma sem þau sæktu um starfsleyfi sem bankar eða váttryggingafélög fælu í sér takmörkun samkvæmt 31., 36. eða 40. gr. EES-samningsins. Ef svo væri, spurði landsdómstóllinn hvort slíka takmörkun mætti réttlæta í samræmi við dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins um mat á lögmæti markmiða ráðstöfunar, hvort hún væri almennt til þess fallin að ná markmiðum sínum og að hvaða leyti hún væri nauðsynleg. Dómstóllinn taldi rétt að svara spurningunum þremur sameiginlega þar sem þær vörðuð allar svipaða valkosti við túlkun á landslögum og stjórnsluframkvæmd.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að á umræddu tímabili hefði hlutaðeigandi afleidd löggjöf Evrópusambandsins, sem tekin hefði verið upp í EES-samninginn, ekki komið í veg fyrir að EES-ríkin kvæðu á um strangari reglur um málsmeðferð við veitingu starfsleyfis til reksturs banka eða váttryggingafélaga. Slíkar reglur yrðu þó að vera í samræmi við fjórfrelsisákvæði EES-samningsins. Löggjöf og stjórnsluframkvæmd, eins og lýst væri í spurningum landsdómstólsins, fælu í sér takmarkanir sem virtust fyrst og fremst falla undir gildissvið 31. gr. EES-samningsins. Það væri þó hlutverk landsdómstólsins að leggja mat á hvort sú væri raunin með hliðsjón af staðreyndum málsins.

Að því er varðar álitafnið um lögmæti þeirra markmiða sem stefnt væri að með ráðstöfununum umdeildu komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að markmiðið um að draga úr hvötum til óhóflegrar áhættusækni eigenda banka eða tryggingafélaga, einkum í tengslum við hættu á misbeitingu valds, fæli í sér lögmætt sjónarmið í þágu almannahagsmuna, sem réttlætt gæti reglur landsréttar sem fælu í sér takmörkun á stofnsetningarréttinum samkvæmt 31. gr. EES-samningsins. Dómstóllinn bætti því aftur á móti við að það væri hlutverk landsdómstólsins að staðreyna þau markmið sem reglur

landsréttar stefndu að í raun, sem og að ákvarða hvort hinum lögmætu markmiðum væri framfylgt á viðeigandi og samkvæman hátt.

Dómstóllinn taldi að reglur landsréttar, eins og þeim væri lýst í fyrstu tveimur spurningum landsdómstólsins, virtust almennt ekki til þess fallnar að ná hinu lögmæta markmiði, en aftur á móti virtist stjórnsýsluframkvæmdin, eins og henni væri lýst í þriðju spurningunni, hæf til þess að ná því markmiði að því marki sem hún gildi um umsóknir um starfsleyfi til reksturs banka- eða tryggingastarfsemi en ekki frekari kaup á hlutum í kjölfar leyfisveitingar.

Að lokum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að teldi landsdómstóllinn eina eða fleiri af hinum umdeildu ráðstöfunum hæfa til að ná lögmætu markmiði þá þyrfti hann einnig að meta hvort ráðstafanirnar gengju lengra en nauðsyn krefði til að ná því markmiði. Dómstóllinn taldi að svo virtist sem aðrar ráðstafanir en þær sem um væri deilt í málinu gengju skemmra og væru auk þess jafn skilvirkar við að ná fram því lögmæta markmiði sem um ræddi.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.